

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórhámrí, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F9/2025

Reykjavík, 10. júní 2025

Útlendingastofnun  
Dalvegi 18  
201 Kópavogi

Umboðsmanni Alþingis barst nýlega kvörtun sem lýtur að löngum málsmeðferðartíma hjá Útlendingastofnun vegna afgreiðslu umsóknar um íslenskan ríkisborgarárétt. Í tilefni af kvörtuninni, sem hlaut málsnúmerið 216/2025, var Útlendingastofnun sent bréf í dag, þar sem óskað er upplýsinga um hvað líði meðferð og afgreiðslu umrædds máls. Í bréfi umboðsmanns til Útlendingastofnunar er rakið að á vefsþæði stofnunarinnar á ísland.is séu veittar almennar upplýsingar um stöðu mála hjá stofnuninni og fyrirhugaðan afgreiðslutíma umsókna, þar með talið um íslenskan ríkisborgarárétt. Þar segi nú, í upphafi júnímánaðar, að verið sé að taka til vinnslu umsóknir um ríkisborgarárétt sem bárust stofnuninni í desember 2023.

Umboðsmaður hefur áður haft til athugunar málsmeðferðartíma hjá Útlendingastofnun við meðferð umsókna um íslenskan ríkisborgarárétt, sbr. mál nr. 10850/2020 og F111/2022. Að fengnum upplýsingum frá Útlendingastofnun og dómsmálaráðuneytinu við meðferð málanna taldi umboðsmaður ekki ástæðu til að aðhafast frekar að svo stöddu vegna málsmeðferðartímans, enda hefði breytt verklag hjá Útlendingastofnun leitt til þess að málshraði við afgreiðslu umsókna um ríkisborgarárétt hefði styrt verulega, þ.e. úr 16 mánuðum í sex mánuði. Í niðurlagi bréfsins er hins vegar áréttar að af hálfu umboðsmanns verði áfram fylgst með málshraða við afgreiðslu umræddra mála hjá Útlendingastofnun á almennum vettvangi og á grundvelli kvartana og ábendinga frá borgurunum sem kunni að berast þar um.

Framkomin kvörtun og þær upplýsingar sem fram koma á fyrrgreindri upplýsingasíðu stofnunarinnar benda til þess að málsmeðferðartími vegna umsókna um íslenskan ríkisborgarárétt kunni nú að vera að minnsta kosti eitt og hálft ár. Í ljósi þess er umboðsmaður með til skoðunar hvort taka beri málsmeðferðartíma Útlendingastofnunar að þessu leyti til frekari athugunar á grundvelli þeirra heimilda sem henni eru fengnar samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþings. Af því tilefni er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, að Útlendingastofnun greini frá ástæðum þess að málsmeðferðartími í

## UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

fyrrgreindum málum virðist kominn aftur í fyrra horf. Er þess jafnframt óskað að Útlendingastofnun skýri nánar hvernig það samræmist málshraðareglum stjórnsýsluréttar að umsóknir um ríkisborgarárétt sem stofnuninni hafa borist frá desember 2023 hafi enn sem komið er ekki verið teknar til vinnslu. Er þá sem fyrr höfð hliðsjón af því að skilyrði fyrir því að ríkisborgaráréttur verði veittur með stjórnvaldsákvörðun, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgarárétt, lúta að mestu leyti að hlutlægum atriðum sem koma fram í gögnum sem umsækjendur láta stofnuninni í té samhliða umsóknum sínum.

Þess er óskað að svör Útlendingastofnunar berist umboðsmanni ekki síðar en 30. júní nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
Skrifstofustjóri frumkvæðismála  
og OPCAT